

SPÍTALAPÚLSINN

JÓLAÚTGÁFA



Yfirljósmæður og deildarstjórar á kvenna- og barnþjónustu buðu á upp á heitt súkkulaði og með því á aðventunni þegar starfsfólk mætti til vinnu. Undirbúningur fyrir daginn hófst eldsnemma þar sem súkkulaðið var gert frá grunni og sköpuð var notaleg jólastemning með skreytingum og tónlist.

Jólaþakveðja frá skrifstofu forstjóra



Gunnar Ágúst Beinteinsson
Staðgengill forstjóra

Kæra samstarfsfólk.

Ég vil byrja á að þakka ykkur öllum frábært starf á árinu sem er að líða. Eins og þið eflaust vitid er Runólfur Pálsson forstjóri í veikindaleyfi, eftir að hafa gengist undir aðgerð hér á spítalanum í byrjun desember. Hann hefur náð góðum bata á stuttum tíma og

er væntanlegur aftur til starfa fljótlega á nýju ári. Hann biður fyrir kærar kveðjur til ykkar allra.

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt hér á Landspítala og ekki laust við áskoranir af ýmsum toga. Ég ætla ekki að telja þær upp í þessum pistli því þið þekkið öll þessar áskoranir, enda eru mörg ykkar að glíma við þær daglega. Hins vegar langar mig að segja að daglega verð ég vitni að því hversu rík við erum af mannauði. Mannauður Landspítala er, hefur verið og verður alltaf okkar dýrmætasta auðlind.

Mín ósk er að þið getið hlúið að ykkur sjálfum yfir hátíðarnar og njótið samverustunda með ykkar nánustu. Þannig snúum við endurnærð og öflug til baka til þeirra mikilvægu starfa sem bíða okkar.

Að lokum langar mig að færa sérstakar þakkir og kveðjur þeirra sem verða í vinnu um hátíðarnar. Að vera fjarri fjölskyldu á hátíðisdögum til að sinna sjúklingum á spítalanum er ekki sjálfsagt.

Ég óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Nám í nýsköpun á Landspítala

Landspítali hefur kynnt til leiks námsbraut í nýsköpun í samstarfi við HR, HÍ, og aðila í nýsköpunarsenunni.

Námið snýst um að veita klínísku starfsfólki þjálfun í að keyra nýsköpunarverkefni áfram þannig að hægt sé að innleiða tækninýjungar með skilvirkari hætti á spítalanum.

Það er mikilvægt að lækna komi að sköpun heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar með leiðandi hætti og í nánú samstarfi við þá aðila sem geta komið þjónustunni á næsta skref. Til að mæta þeim áskorunum sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir þurfum við lækna sem geta þróað starfsemina og þjónustuna á faglegan hátt.

Námið tekur eitt ár og hefur verið sérhannað til að bæta nýsköpunarfærni þátttakenda með formlegri kennslu og verkefnavinnu undir handleiðslu innlendra og erlendra sérfræðinga í nýsköpunar- og þróunarvinnu. Námsbrautin hentar klínískum fagaðilum



sem hafa áhuga á að búa til nýjar lausnir sem nýtast sjúklingum, starfsfólki eða sem bæta starfsemina. Námið er krefjandi og þarf virka þátttöku til að standast námskröfur en unnið verður bæði í styttri kennslulotum og samfelldri verkefnavinnu.

[Hér má sjá myndband](#) þar sem rætt er við Margréti Dís Óskarsdóttur, yfirlæknir sérnáms og Sigurð Þórarinnsson, tæknistjóra þróunarviðs, sem segja nánar frá náminu. Einnig er hægt að kynna sér málið betur á [sérnámsvef Landspítala](#).

STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri

Sigríður Zoëga hefur verið ráðin deildarstjóri á verkjamiðstöð Landspítala. Sigríður útskrifaðist úr hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands



árið 2002 og kláraði meistaraþróf í krabbameinshjúkrun frá sama skóla árið 2008. Árið 2014 varði hún doktorsritgerð við Háskóla Íslands sem fjallaði um gæði verkjameðferðar á sjúkrahúsum. Sigríður hóf störf á Landspítalanum árið 1996 sem sjúkraliðanemi og fór síðar í hjúkrunarfræði. Frá útskrift hefur hún starfað sem hjúkrunarfræðingur og fengið starfsleyfi sem sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með verki. Hún er með yfir 10 ára reynslu sem sérfræðingur í hjúkrun á verkjamiðstöð og hefur verið settur deildarstjóri verkjamiðstöðvar frá 1. nóvember 2022.



Nýtt húsnæði erfða- og sameindalæknisfræðideildar

Erfða- og sameindalæknisfræðideild hefur flutt og er nú til húsa í Skógarhlíð 12. Erfðaráðgjöf er enn staðsett á Eiríksstötu 5.

Deildin var áður starfandi í fjórum mismunandi byggingum innan spítalans en hlutverk hennar eru þjónusturannsóknir til greiningar á erfðasjúkdómum og erfðatengdum vandamálum.

Mikil þrengsli voru á rannsóknarstofunni í K-byggingu auk þess sem mygla kom upp í húsnæðinu í Læknagarði sem leiddi til veikinda og uppsagna starfsmanna. Það þótti því brýnt að finna rannsóknarstofunni ásættanlega aðstöðu svo deildin gæti haldið áfram að veita nauðsynlega þjónustu árin fram að flutningi inn í nýtt rannsóknarhús.

Styrkir til ungra vísindamanna

Vísindasjóður Landspítala afhenti á dögunum fimm nýja styrki til ungra vísindamanna á Landspítala til klínískra rannsókna.

Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 11. desember 2024 í Hringsal, Landspítala. Styrkirnir námu 1,5 og 3 milljónum króna hver, en veitt var úr sjóðnum í annað skipti til 2ja ára.

Vísindasjóður Landspítala í krafti vinnu Vísindaráðs Landspítala hefur veitt styrki til ungra vísindamanna á Landspítala síðan árið 2011 og nemur heildarférhæð styrkja sem sjóðurinn hefur úthlutað til ungra vísindamanna rúmlega 160 milljónum króna. Markmið þessara styrkja er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni nýtskrifaðra starfsmanna spítalans.

Karl Andersen prófessor í hjartalækisfræði, hjartadeild Landspítala og formaður Vísindaráðs setti athöfnina og flutti ávarp.

Styrkþegar 2ja ára styrkja frá árinu 2023, Oddný Brattberg Gunnarsdóttir, sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðasviði, Elías Sæbjörn Eypórsson,



Á myndinni eru frá vinstri: Sigríður Bergþórsdóttir, Magnús Gottfredsson, Jóna Freysdóttir, Elva Rún Rúnarsdóttir, Arna Rut Emilsdóttir, Aðalbjörg Yr Sigurbergisdóttir, Stefanía Katrín Finnsdóttir, Eirný Þórólfsdóttir og Karl Andersen.

sérfræðilæknir, lyflækningum og Páll Guðjónsson, sérfræðilæknir, lyflækningum krabbameina, kynntu framgang sinna verkefna og formaður Vísindaráðs afhenti nýjum styrkþegum viðurkenningarskjal.

Styrkþegar fluttu að lokum

stuttan fyrirlestur til kynningar á sínum fjölbreyttu vísindaverkefnum. Fundarstjóri var Sigríður Bergþórsdóttir.

Vísindasjóður Landspítala óskar styrkþegum til hamingju og áframhaldandi velgengni í sínum verkefnum.

Styrkhafar og verkefni þeirra:

Elva Rún Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri

Meðumsækjandi: Rafn Benediktsson

Rannsókn: Skimun á fótum í áhættu hjá einstaklingum með sykursýki típu 2 á Íslandi: Flokkun og algengi miðað við IWGDF staðla
Hlýtur styrk að upphæð 1.500.000 kr.

Aðalbjörg Yr Sigurbergisdóttir, sérnámslæknir

Meðumsækjandi: Þorvarður Jón Löve

Rannsókn: Lífun og dánarorsakir einstaklinga með góðkynja einstofna mótefnahækkun - niðurstöður úr Blóðskimun til bjargar
Hlýtur styrk að upphæð 1.500.000 kr.

Arna Rut Emilsdóttir, sérnámslæknir

Meðumsækjandi: Jón Jóhannes Jónsson

Rannsókn: Meðferðarbærar arfgerðir – hlutfall fyrirliggjandi greininga á Íslandi
Hlýtur styrk að upphæð 1.500.000 kr.

Stefanía Katrín Finnsdóttir, sérnámslæknir

Meðumsækjandi: Ólöf Bjarnadóttir

Rannsókn: Brjóstakrabbamein á Íslandi 2004-2023, meðferðarheldni innkirtlameðferðar, erfðir og horfur hjá ungum sjúklingum
Hlýtur styrk að upphæð 3.000.000 kr. sem veittur er til 2 ára.

Eirný Þórólfsdóttir, erfðaráðgjafi við Erfða- og sameindalækisfræðideild

Meðumsækjandi: Hans Björnsson

Rannsókn: Svipgerðargreining á sjúkdómum sem tengjast utangenakerfinu með áherslu á Pilarowski-Björnsson heilkennið
Hlýtur styrk að upphæð 3.000.000 kr. sem veittur er til 2 ára.

Vorstyrkir Vísindasjóðs Landspítala



Opnað hefur verið fyrir vorstyrki Vísindasjóðs sem afhentir verða á Vísindum á vordögum 30. apríl 2025. Eins og áður er hægt að sækja um almennan vísindastyrk og hvatningastyrk í [styrkumsjónakerfi Landspítala](#). Vísindaráð Landspítala hefur umsjón með umsóknar- og matsferli umsókna í umboði Vísindasjóðs. Fyrirspurnir eru sendar á tölvupóstfangið visindarad@landspitali.is.

Vísindaráð óskar eftir tilnefningum á Heiðursvísindamanni Landspítala 2025 og Ungum Vísindamann 2025. Vinsamlegast sendið tilnefningar auk rökstuðnings á tölvupóstfangið visindarad@landspitali.is.

Meðferðarheldni og stuðningur við brjóstakrabbameinssjúklinga

Á brjóstamiðstöð Landspítala hefst um þessar mundir innlend inngripsrannsókn í samstarfi við Sidekick Health á notkun stafrænnar stuðningsþjónustu hjá sjúklingum í viðbótarmeðferð við brjóstakrabbameini. Þeir sjúklingar sem greinst hafa með hormónajákvætt brjóstakrabbamein frá og með 1. september 2023 og eru á viðbótarmeðferð með innkirtlameðferð (tamoxifen, anastrozole, letrozole eða exemestane) eftir aðgerð er boðin þátttaka. Sjúklingum verður slembiraðað í að fá aðgang að Sidekick Health appinu eða ekki og er svo fylgt eftir í 1 ár. Ætlunin er að skoða hvort aðgangur að appinu bæti meðferðarheldni og trú á eigin getu (e. self-efficacy).

Sidekick Health er heilbrigðistækni-fyrirtæki sem vinnur að þróun stafrænna stuðningslausna sem veitt eru gegnum smáforrit (app). Sérhæfðar lausnir hafa verið þróaðar fyrir einstaklinga sem



greinst hafa með krabbamein. Í appinu læra einstaklingar aðferðir til að takast á við streitu, uppbyggingu og viðhald góðra matar-, svefn-, og hreyfivenja ásamt fræðslu um sjúkdóminn, meðferð og algengar aukaverkanir. Þá geta notendur stillt lyfjaáminningar til að styðja við meðferðarheldni ásamt því sem heilsuþjálfari fylgir einstaklingum eftir.

Rannsóknin er gerð í kjölfar fyrri fýsileikarannsókna og er styrkt af Tækniþróunarsjóði RANNÍS. Ólöf K. Bjarnadóttir er ábyrggamaður rannsókna. Hafa má samband við Sóleyju D Stefánsdóttur (sími 6218594) og Telmu Kjarian rannsóknarhjúkrunarfræðinga með spurningar eða senda tölvupóst á rannsoknshk@landspitali.is.



Verðlaunasjóður í læknisfræði

Auglýst er eftir tilnefningum til verðlauna úr Verðlaunasjóði í læknisfræði, stofnuðum af Árna Kristinssyni og Þórði Harðarsyni.

Verðlaunin nema kr 7.000.000

Þau eru veitt vísindamanni, sem náð hefur framúrskarandi árangri á sviði læknisfræði eða skyldra greina (svo sem líffræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sálfræði, sjúkrapjálfnar, lýðvísinda). Heimilt er að endurnýja fyrri tilnefningar.

Frestur til tilnefninga er til 31.01. 2025.

Tilkynnt verður um verðlaunahafa á Vísindum á vordögum á Landspítala 2025.

*Stjórn Verðlaunasjóðs Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar,
Víðimel 66 – 107 Reykjavík (steinunn.thordardottir@gmail.com)*

Gervigreind nýtt í ómskoðun



Kristín Rut Haraldsdóttir
Sérfræðiljós móðir


Á fósturgreiningadeild Landspítalans eru framkvæmdar 11-12 þúsund skoðanir á ári.

Ljósmaður sem hafa sérhæft sig í ómskoðun á meðgöngu og fæðingalæknar sem hafa sérþekkingu í fósturskimun framkvæma ómskoðanirnar.

Öllum konum stendur til boða að koma í 12 vikna og 20 vikna ómskoðun á meðgöngunni. Skoðanir á öðrum tíma á meðgöngunni er samkvæmt beiðni frá ljósmóður eða lækni.

Deildin er með 8 ómskoðunartæki sem eru sérstaklega hönnuð fyrir fósturskimanir. Á síðastliðnum árum hefur farið fram mikil endurnýjun á ómtækjum deildarinnar og í dag eru sex af þessum átta tækjum mjög nýleg.

Flaggskip deildarinnar er Voluson Expert 22 en það tæki er eitt af bestu tækjum sem til er í heiminum í dag. Myndgæðin er einstaklega góð sem skiptir miklu máli þegar verið er að skoða og greina fóstur á meðgöngu. Ómhausar á þessu tæki eru 5 talsins og er þá hægt að velja þann sem hentar best í hverju tilviki. Þeir eru léttir og meðfærilegir sem gerir vinnu ómskoðanda auðveldari. Í þessu tæki er líka gervigreind sem hægt er virkja í 20 vikna ómskoðun sem



Á fósturgreiningardeild Landspítala eru sex af átta tækjum mjög nýleg. Flaggskip deildarinnar er Voluson Expert 22 en það tæki er eitt af bestu tækjum sem til er í heiminum í dag.

gott getur verið að hafa til að auðvelda skoðunina. Hún minnir skoðandann á þær myndir sem á að taka og lætur vita þegar fullnægjandi skoðun næst en þó er það alltaf ómskoðandinn sem velur þær myndir sem á að nota hverju sinni.

Mikill metnaður er á deildinni að hafa ávallt bestu tæki sem völ er á og vel menntað starfsfólk til að sinna fósturskimun. Það getur skipt sköpum

fyrir hið ófædda barn að hægt sé að greina frávik á öruggan hátt og veita viðeigandi aðstoð þegar barnið fæðist. Markmið deildarinnar er að veita bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Landspítalinn hefur svo sannarlega stutt við það markmið með því að ráðist í endurnýjun tækja sem ber að þakka fyrir. Það skilar sér í betri útkomu fyrir foreldra og barn.

Gleðistjarnan gleður börn um jólin

Í miðjum desember komu færandi hendi foreldrar Þuríðar Örne Óskarsdóttur, fyrir hönd Gleðistjörnunnar góðgerðarfélags, með gjafir fyrir systkini langveikra barna sem legið hafa mikið inni á Barnaspítala Hringins.

Voru þetta mjög veglegar gjafakörfur sem afhentar verða 8 systkinum 4 langveikra barna sem hafa verið stóran hluta lífs síns á Barnaspítalanum. Er þetta í þriðja sinn foreldrar Þuríðar koma með gjafir á Barnaspítalann.

Gleðistjarnan er góðgerðarfélag sem stofnað var til minningar um Þuríði Örne Óskarsdóttur sem lést 20. mars 2023. Tilgangur félagsins er að halda

uppi minningu Þuríðar með því að gleðja systkini langveikra barna með gleðigjöfum og viðburðum. Félagið aflar fjár til starfsemi sinnar með styrkjum frá fyrirtækjum, félagsamtökum og einstaklingum og með viðburðarhaldi.

Hægt er að lesa meira um Gleðistjörnuna á www.gledistjarnan.is

Við gjöfunum tóku Ólafur Gísli Jónsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum barna, Vigdís Hrönn Viggósdóttir, sérfræðingur í hjúkrun í krabbameinsteymi barna og Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir, deildarstjóri dag- og göngudeildar Barnaspítala Hringins, en þau sinntu öll Þuríði Örne í sínum veikindum.



Helstu hús Landspítala sjálfbær með hita og rafmagn

Landspítali er sjálfbær þegar kemur að varaafli og neyðarafli á spítalanum í gegnum varavélar sem spítalinn býr yfir.

Prófanir á varaafli eru framkvæmdar tólf sinnum á ári auk þess sem straumur er rofinn af spítalanum einu sinni á ári og sjálfvirku kerfi gert að svara eins og til er ætlast. Starfsfólk og sjúklingar finna ekki fyrir röskun fyrir utan einu sinni á hausti, á meðan á stóru prófuninni stendur, þegar allt er straumlaust í 10 sekúndur á meðan vélarnar ræsa sig upp.

Landspítala ber að uppfylla ákveðin öryggisskilyrði, sérstaklega varðandi Hringbraut og Fossvog þar sem fer fram viðkvæmasta starfsemin. Tvær heimtaugar eru tengdar við hvora byggingu. Þá eru einnig tvær varavélar og rafhlöðubanki tengd húsunum. Það má því mikið ganga á til að byggingarnar verða straumlausar.

Í jafn umfangsmikilli og orkufrekri starfsemi eins og á spítalanum reynir



verulega á kerfin og reglulega kemur eitthvað upp á. Síðustu ár hefur þó gengið vel að fjármagna þessi kerfi og stendur spítalinn nú vel að vígi þegar kemur að vara- og neyðarafli.

Í myndbandi, [sem hægt er að sjá hér](#), fer Kristján H. Theodórsson, deildarstjóri rafmagnsverkstæðis Landspítala, nánar yfir innviði spítalans.



Myndarleg gjöf á aðventunni

Valur Rafn Valgeirsson, Björn Þór Hallgrímsson og Díana Björk Olsen, forsvarsmenn Minningarsjóðs Gísla Ísleifs Aðalsteinssonar, komu færandi hendi á barna- og unglíngedeild Landspítala, BUGL, á aðventunni. Minningarsjóðurinn gaf BUGL

styrkveitingu að andvirði 1. milljón króna auk konfekts og fjölda borðspila. Gjafirnar nýtast á báðum deildum BUGL bæði í afþreyingu og meðferð.

Landspítali færir þeim innilegar þakkir fyrir hugulsamlega gjöf.

STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri

Ólafía Ása Jóhannesdóttir hefur verið ráðin sem deildarstjóri á nýsameinaðri göngudeild svefntengdra sjúkdóma. Ása útskrifaðist sem



hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1999 og með MSc í Heilbrigðisvísindum með áherslu á svefn frá sama skóla árið 2007. Árið 2020 lauk Ása MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Ása starfaði sem hjúkrunarfræðingur á Landspítala 1999-2001 og í hlutastarfi í svefnrannsóknnum frá 2007-2012. Lengst af hefur Ása starfað sem stjórnandi og framkvæmdastjóri í fyrirtækjum tengdum heilbrigðisgeiranum. Síðastliðna 10 mánuði hefur Ása starfað sem verkefnastjóri á Landspítalanum.



Verkefnastofa

Ert þú að veita sjúklingum meðferð í gegnum síma?

Meðferðarsímtal – Nýtt form tímabókunar



**Berglind Ósk
Birgisdóttir**
Verkefnastjóri
Verkefnastofu

Í fyrra hringdi starfsfólk Landspítala a.m.k. 90.000 sinnum í sjúklinga og lang oftast var það til þess að veita þeim einhvers konar meðferð, hvort sem að það tengdist innköllun í aðgerð, meðferð á komudeild, fjarvöktun eða eftirfylgni. Þetta eru allt símtöl sem fengu léttu DRG vigt eftir handtalningu úr einum stórum óaðgreindum bunka. Misjafnt var hvernig, hvort og hversu mikið var skráð um þessi símtöl og því var vinna starfsmanna í kringum símtölin oft ekki sýnileg.

Símtal til sjúklings þar sem tilgangurinn er að veita viðkomandi meðferð þarfnast yfirleitt alltaf undirbúnings og símtölin geta verið bæði flókin og tímafrek og því er mikilvægt að staðla verklag og gera umfang þessarar vinnu sýnilegt.

Í vor hófst vinna við nýtt form tímabókunar sem fékk nafnið Meðferðarsímtal. Meðferðarsímtal

kemur í stað tímabókunar formsins Símtal þegar að tilgangur símtalsins er að veita sjúklingum meðferð í gegnum síma og þegar að símtalið krefst kóðaðrar skráningar í sjúkraskrá, en tímabókun og kóðuð skráning er skilyrði fyrir réttu DRG vigt.

Þótt að Meðferðarsímtalið hafi verið hannað fyrir Heilsugátt þá er hægt að nota það bæði í Heilsugátt og í Sögu. Meðferðarsímtalið er tengt við lotu sjúklings og hægt er að framkvæma það óháð því hvar það var bókað.

Þegar meðferðarsímtalið hefur verið bókað, birtist hnappur í tímabókun Heilsugáttar, dagatali starfsmanns, í Tímalínu sjúklings og í sjúklingahópum, ef að dálkurinn næsta tímabókun er valin.

Þegar ýtt er á hnappinn þá hefst meðferðin og rétt skráningarblað opnast, annað hvort Meðferðarseðill fyrir hjúkrunarfræðinga eða Göngudeildarskrá fyrir aðrar fagstéttir. Starfsmaður skráir þá meðferð sem veitt var, velur viðeigandi



kóða (ICD greiningar og meðferðir) og staðfestir blaðið til að ljúka meðferðinni. Blaðið vistast þá á réttan stað í lotu sjúklings.

Sjúklingar fá ekki sendar upplýsingar um þessa tímabókun, nema að það sé sérstaklega valið í bókunarferlinu, og upplýsingar um tímabókunina eru ekki aðgengilegar fyrir sjúklinga í Landspítala appinu né í Heilsuveru.

Meðferðarsímtalið er gjaldfrjálst fyrir sjúklinginn. Þetta form tímabókunar á ekki að koma í staðinn fyrir tíma á göngudeild heldur vera valið þegar veita á meðferð í gegnum síma.

Frekari upplýsingar og verklagsleiðbeiningar má finna í gæðahandbók Landspítala í skjalinu Fjarheilbrigðisþjónusta - meðferðarsímtal (VIN-4294). Auk þess eru kynningarglærur aðgengilegar fyrir alla í Eddunni.

Út með Workplace – Inn með Viva Engage



Sirrý Sigurðardóttir
Teymisstjóri vefmála

Meta hefur tilkynnt að Workplace verði lagt niður í ágúst 2025 og ákveðið hefur verið að innleiða Viva Engage sem er partur af Microsoft svítunni. Viva Engage hefur flesta sömu eiginleika og Workplace og hjálpar okkur að fylgjast með fréttum, deila upplýsingum og taka

þátt í umræðum á einum stað. Einnig er kerfið beintengt við Teams og við munum nota þessi tímamót til að flytja deildar- og teymisvinnu sem farið hefur fram á Workplace inn í Teams. Spjallið sem hefur farið fram í Workplace Chat færir líka inn í Teams. Í framhaldinu verður svo innra net Landspítalans flutt yfir í SharePoint Online sem einnig er frá Microsoft.

Vinnan hefst af fullum krafti í janúar og markmiðið er að við verðum búin

að skipta yfir að fullu í vor. Við munum halda ykkur vel upplýstum um næstu skref og látum ykkur vita þegar nær dregur hvernig hægt verður að fá alla nauðsynlega þjálfun og leiðbeiningar.

Við hlökkum til að taka þessi skref með ykkur!





Jólahefð í yfir 20 ár

Yfirljósmæður og deildarstjórar á kvenna- og barnaþjónustu buðu upp á heitt súkkulaði og með því þegar starfsfólk mætti til vinnu á aðventunni. Undirbúningur fyrir daginn hófst eldsnemma þar sem súkkulaðið var gert frá grunni og sköpuð var notaleg jólastemning með skreytingum og tónlist.

Það var fyrir rúmlega 20 árum sem þáverandi sviðsstjóri, Margrét I. Hallgrímsson, hóf að bjóða starfsfólki upp á heitt súkkulaði með rjóma á aðventunni. Var hún ein í þessu fyrstu árin en seinna tóku deildarstjórar og ljósmæður við keflinu, og bættist svo Barnaspítalinn við fyrir nokkrum árum.

Hefðin hefur skapað góða stemningu meðal starfsfólks og kemur jafnan skemmtilega á óvart þar sem dagsetningin er ekki gefin út fyrirfram.





Forstjóri Landspítala boðar til starfsmannafundar **þriðjudaginn 21. janúar milli 12.00 og 12.30**. Fundurinn fer fram í Blásölum, Fossvogi

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Að lokinni stuttri framsögu forstjóra er boðið upp á spurningar og athugasemdir.

Starfsmannafundir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir.

Ertu með ábendingar varðandi starfsmannafundi? Hafðu samband við samskiptateymi Landspítala í gegnum netfangið samskiptateymi@landspitali.is.

Barnspítali Hringingsins fékk veglega gjöf frá Bauhaus

Jóhanna Lilja og Rannveig Björk, deildarstjórar á Barnspítala Hringingsins, tóku á móti veglegri jólagjöf til Barnaspítalans frá Bauhaus síðastliðinn föstudag.

Útbúinn var óskalisti yfir allt það dót sem deildarstjórar Barnaspítalans gátu hugsað sér fyrir börnin sem liggja inni yfir hátíðirnar. Styrkurinn var að andvirði 500.000 kr. og var hann nýttur í að kaupa ýmis konar dót og spjaldtölvur.

Landspítali þakkar Bauhaus kærlega fyrir þennan frábæra jólaglaðning sem mun nýtast börnunum vel.



Þessar frábæru gjafir munu sannarlega koma sér vel á Barnspítalanum yfir jólin.

BÖRN Í BRÁÐUM VANDA

Bráðadagurinn 7. mars 2025

Þverfagleg ráðstefna bráðapjónustu Landspítala

Óskað er eftir ágripum um rannsóknir eða verkefni úr öllum sviðum bráðapjónustu, bráðalækningum, bráðahjúkrun, sjúkraflutningum og landsbyggðarlækningum. Ágrip geta fjallað um meðferðir, samstarf, öryggi og umhverfi bráðveikra og slasaðra einstaklinga.

Á Bráðadeginum 2025 verður sérstök áhersla á bráðavandamál barna, bráð veikindi og áverka, ofbeldi og geðrænan vanda og annað sem bráðapjónustan sinnir.

Er því sérstaklega óskað eftir ágripum tengt börnum í bráðum vanda.

Ágrip verða ritrýnd og birt í fylgiriti Læknablaðsins.

Skila þarf ágripum í síðasta lagi 3. febrúar 2025

Frekari kröfur um uppsetningu ágripa má sjá hér:

www.landspitali.is/bradadagurinn

Nánari upplýsingar veita:

Dagný Halla Tómasdóttir, skrifstofustjóri,
dagnyht@landspitali.is, sími 543 8215

Hjalti Már Björnsson, formaður bráðadagsnefndar,
hjaltimb@landspitali.is sími 543 2210

Innleiðing nýrrar meðferðar fyrir Parkinson sjúklinga á Íslandi



Marianne Elisabeth Klinke
Forstöðumaður
fræðasviðs

Göngudeild taugalækninga hefur núna í nóvember hafið innleiðingu nýrrar meðferðar fyrir einstaklinga með Parkinson sjúkdóm. Meðferðin, sem kallast Pró-dúódópa, felur í sér lyfjagjöf í sírennsli undir húð með lyfjadælu og er líkt fyrirkomulagi insúlíndælu. Þetta er byltingarkennd nálgun sem opnar ný tækifæri fyrir sjúklinga sem eiga erfitt með að nýta hefðbundna lyfjameðferð.

Hvað er Pró-dúódópa?

Pró-dúódópa er blanda af levódópa og karbíðópa, þar sem skammtar eru sérsniðnir að þörfum hvers einstaklings. „Þessi meðferð gerir sjúklingum kleift að stjórna einkennum á stöðugri hátt og dregur úr svokölluðum ‘off-tímabilum, þegar einstaklingar ‘frjósa’ bæði í hreyfingum og hugsun,“ útskýrir Jónína, sérfræðingur í hjúkrun Parkinson sjúklinga á göngudeild taugalækninga.

Meðferðin er sérstaklega gagnleg fyrir einstaklinga með lengra genginn Parkinson sjúkdóm þar sem hefðbundin lyfjameðferð í töfluformi er ekki lengur eins áhrifarík og getur valdið óþægilegum fylgikvillum.

Bylting í meðferð Parkinson sjúkdóms

Pró-dúódópa markar tímamót í meðferð Parkinson sjúkdóms. Í fyrsta sinn frá því að levódópalyf voru tekin í notkun hérlendis árið 1969 er nú hægt að gefa



Anna Bryndís Einarsdóttir, yfirlæknir á taugadeild og Jónína H. Hafliðadóttir, sérfræðingur í hjúkrun Parkinsonsjúklinga.

lyfin undir húð, án þess að vera háður meltingarveginum. Þetta er mikilvægur ávinningur, þar sem margir Parkinson sjúklingar eiga í erfiðleikum með að samræma máltíðir og lyfjatökur.

Parkinson sjúklingar þurfa oft að taka lyf 8–12 sinnum á dag og fylgja ákveðnum tímasetningum, þar sem jafnvel 10–15 mínútna seinkun á lyfjainntökunni getur valdið alvarlegum einkennum,“ bætir Jónína við. Auk þess eru um 80% sjúklinga með hægðatregðu, sem getur haft áhrif á virkni lyfjanna.

Pró-dúódópa tryggir stöðuga lyfjagjöf í litlum skömmtum allan sólarhringinn og dregur þannig úr einkennasveiflum, sem eru algengt vandamál meðal Parkinson sjúklinga.

Krefst sérhæfðar nálgunar

Innleiðing Pró-dúódópa-meðferðar krefst markvissrar fræðslu, nákvæms

undirbúnings og náins eftirlits með sjúklingum. Lyfjagjöfin felur í sér mikilvæga breytingu í meðferðarúrræðum og er Ísland á meðal fyrstu landa í Evrópu til að taka hana upp.

„Pró-dúódópa-meðferð er mikilvæg viðbót við meðferðarúrræði fyrir Parkinson sjúklinga á Íslandi,“ segir Anna Bryndís Einarsdóttir, yfirlæknir á taugalækningadeild. „Hún mætir óuppfylltum lækisfræðilegum þörfum skjólstæðinga okkar og styrkir skuldbindingu deildarinnar um að veita háþróaða og nútímalega heilbrigðisþjónustu.“

Þessi nýjung býður upp á aukin lífsgæði fyrir Parkinson sjúklinga og styrkir enn frekar íslenska heilbrigðiskerfið í að veita framúrskarandi þjónustu.



Á myndunum má sjá hvernig Pró-dúódópa lyfjadælan er notuð.

Lokahönd lögð á framkvæmd sérnáms í endurhæfingarlækningum

Undanfarin ár hefur sérnám í endurhæfingarlækningum verið í þróun á Landspítala og nú með aðkomu Reykjalundar. Á námið er nú komin góð reynsla, en þann 16. desember var lögð lokahönd á sameiginlega framkvæmd fulls sérnáms í endurhæfingarlækningum með aðkomu beggja stofnana með undirritun samstarfssamnings.

Þessi áfangi er mikilvægur þáttur í að styrkja þróun og þjónustu við sjúklinga sem þurfa endurhæfingu hér á landi. Sérnám í endurhæfingu er þá áttunda heila sérnámið sem rekið er frá Landspítala og er frábært dæmi um samvinnu stofnana á milli með hag þessa vaxandi sjúklingahóps til framtíðar að leiðarljósi.



Á myndinni eru Árdís Björk Ármannsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi og Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Lækninga á Landspítala.

STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri

Sigríður María Atladóttir hefur verið ráðin deildarstjóri vökudeildar. Sigríður útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands



2004 og úr meistaranámi í barnahjúkrun við sama skóla 2017. Sigríður hefur langa starfsreynslu á nýburagjörgæslu en hún hóf störf á deildinni haustið eftir útskrift 2004 og tók við sem aðstoðardeildarstjóri 2016 og hefur verið deildarstjóri á Vökudeild, nýbura- og ungbarnagjörgæslu frá 2019. „Ég er þakklát traustinu og full tilhlökkunar að leiða áfram öfluga starfsemi nýburagjörgæslu á Landspítala. Saman með öflugu samstarfsfólki sem hefur umhyggju, fagmennsku, öryggi og framþróun að leiðarljósi munum við áfram geta veitt nýburum og fjölskyldum þeirra framúrskarandi þjónustu.“

Skartaðu þínu fegursta en ekki skarti



Helsta ferðaleið örvera milli sjúklinga á sjúkrahúsum er með höndum starfsfólks. Handhreinsun er okkar mikilvægasta forvörn gegn útbreiðslu sýkinga.



Skartgripir á höndum eru ekki leyflegir í klínisku starfi þar sem þeir auka sýkingahættu og sama má segja um gervineglur, langar neglur og naglalakk.

Skiljum úrin, armböndin og hringana eftir heima.



Sigurdís Ólafsdóttir, deildarstjóri á L1 og K1 brá sér í hlutverk aðstoðarmanns jólasveinsins.

🎄 Jólagleði á Landakoti 🎄

Það var sannkölluð hátíðarstemning á Landakoti í vikunni fyrir jól þar sem skellt var í heitt súkkulaði og nýbakaðar smákökur til að þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf undir miklu álagi.

Gleðin fór fram í jólaþorpinu sem sett hefur verið upp til að gleðja sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk.

Þorpið hefur vakið mikla lukku og er sannarlega komið til að vera.

Endurhæfing getur tekið mikið á sjúklinga og mikilvægt er að skapa góðan anda meðal starfsfólks og sjúklinga og rjúfa félagslega einangrun. Starfsfólk Landakots leggur því ríka áherslu á að gleðja skjólstæðinga sína og stuðla að farsælli öldrun.




Karren Yulo Antolin og Roslin Pros Armada, eru þær sem mestan heiðurinn eiga að þessu glæsilega jólaþorpi sem mest allt var gert úr gömlum pappakössum.



Margrét Manda, forstöðu- hjúkrunarfræðingur BLE, skartaði þessari myndarlegu jólasveinahúfu.

Víkingaþorp er næst á dagskrá á Landakoti og aldrei að vita nema boðið verði upp á svið og hákarl.





LANDSPÍTALI